

DANIEL PORSTEINSSON

Heldur upp á Virus sem hann fékk í New York
ALLT



RAGNHEIDUR HARPA LEIFSDÓTTIR

Efniviður úr ruslagámi

Skapandi endurnýtingarstöð fyrir listamenn
FÓLK 22



rekkan Sjá bls. 7
HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júlí 2009 – 176. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Gerir heimildarmynd

Herdís Þorvaldsdóttir heldur áfram baráttu sinni gegn landeyðingu.



FÓLK 22

Forræðishygga og frjálshygga

Einar Már Jónsson fjallar um forræðishyggu, frjálshyggu, tannhirðu barna og menn á vonarvölinni í Frakklandi.

Í DAG 12

Stærsta sviðslista-hátíðin

Stærsta sviðslistahátíð Íslands í ár er artFart. Á dagskrá eru 23 verk á einum mánuði.


FÓLK 18

FH lagði Breiðablik

Tryggvi Guðmundsson skoraði sigurmark FH gegn Breiðabliki. Kópavogslíðið hefur tapað þremur leikjum í röð.

ÍPRÓTTIR 17

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA NA-TIL Í dag verða víða norðaustan 5-10 m/s, en hvassara SA- og NV-til. Rigning eftir hádegi NA- og A-lands, annars úrkomulítið og léttir til SV og V til síðdegis. Hiti víðast 10-18 stig, mildast SV-lands.

VEDUR 4

Glitnir var gangandi lík

Ómögulegt var að bjarga íslensku bönkunum í fyrrahaust. Þeir voru svo gott sem dauðadæmdir í lok árs 2007, segir forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings í nýrri bók. Glitnir var þá gangandi lík af banka.

VIÐSKIPTI Íslensku viðskiptabankarnir þrjú áttu sér vart viðreisnar von frá því í lok árs 2007. Glitnir var í verstu stöðunni, og var í raun gangandi lík af banka. Nær ómögulegt hefði verið að bjarga þeim í nánasta aðdraganda efnahagshrunsins. Þetta fullyrðir hagfræðingurinn Ásgeir Jónsson í nýrri bók sinni um hrunið.

Ásgeir segir að bankarnir hefðu þurft að draga mjög úr umsvifum sínum fyrir þann tíma og endurskipuleggja sig með aðstoð stjórnvalda til að eiga von um að lifa. Þá hafi bágur gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans gert illt miklum mun verra og hugsanlega hefðu stjórnvöld átt að leita ásjár Alþjóðagjaldveyrissjóðsins mun fyrir.

Bókin er sú fyrsta sem kemur út á ensku um íslenska efnahagshrunið og ber titilinn Why Iceland? eða Hvers vegna Ísland? Ásgeir er með doktorsgráðu í hagfræði og hefur undanfarnin ár starfað sem forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. Í bók hans birtist hörð gagnrýni á framgöngu íslenskra stjórnvalda og ekki síst Seðlabankans í aðdraganda hrunsins.

Þá gagnrýni Ásgeir sömuleiðis íslenska bankamenn. Þannig segir hann til dæmis að skýrsla sem nefnd á vegum forsætisráðuneytisins vann árið 2006, um það hvernig Ísland gæti orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð, hafi verið einrómt loft. Formaður nefndarinnar var Sigurður Einarsson, stjórnar-

formaður Kaupþings, vinnuveitanda Ásgeirs.

Í bókinni segir Ásgeir frá því þegar skæð atлага var gerð að íslensku krónunni á vormánuðum 2006 að undirlagi nokkurra tuga erlendra vogunarsjóða. Sjóðirnir eru hluti af óformlegum samtökum sem þekkt eru sem Drobny-klúbburinn.

Sjóðirnir högnuðust verulega á þessum stöðutökum, og til að fagna afrekum sínum buðu þeir Arnóri Sighvatssyni, þáverandi aðalhaf-fræðingi Seðlabankans og núverandi aðstoðarseðlabankastjóra, á árs hátíð klúbbsins sem það vorið var haldin á Íslandi. Þar tók Arnór á móti svokölluðum Drobny-verðlaunum fyrir bestu gengisvarnir-

ar, og voru verðlaunin hugsuð sem háð að sögn Ásgeirs.

Atlögu vogunarsjóðanna var hrundið í síðari hluta aprílmánaðar þegar viðskiptabankarnir tóku sig saman og nýttu svo gott sem allan erlenda gjaldeyri sem þeir komust yfir í gengisvarnir. Til marks um umfang varnanna námu gjaldeyrisviðskipti hinn 21. apríl sjö prósentum af þjóðarframleiðslu og fimmtíu prósentum í aprílmánuði einum.

Ásgeir átelur Seðlabankann mjög fyrir að hafa ekki brugðist við eftir árásirnar og aukið gjaldveyrisvaraforða sinn. Það hefði sýnt sig að forðinn dygði ekki til að verjast slíkum árásum nema í einn til tvo daga. -sh



GRÍÐARLEG SPENNA Í GRAFARHOLTI Keppendur á Íslandsmótinu í höggleik buðu upp á mikla spennu á lokadegi mótsins sem fór fram í Grafarholti í gær. Ólafur Björn Loftsson stóð uppi sem sigurveggar í karlaflokki eftir umspil við Stefán Má Stefánsson. Valdís Þóra Jónsdóttir sigraði í kvennaflokki eftir spennandi keppni við Signýju Arnórsdóttur. Sjá síðu 17. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fer í mál við lögregluna:

Segir bensín hafa ruglað áfengismælinn

DÓMSMÁL Karlmaður sem lögreglan svipti ökurétti fyrir meintan ölvunarakstur fullyrðir að hann hafi alls ekki verið ölvauður. Hann hafi einungis verið nýkominn frá borði báts þar sem hann þurfti að sjúga bensín í gegnum slöngu og eldsneytisleifarann í munn hans hafi ruglað áfengismælinn í ríminu. Af þessu er nú sprettið dómsmál.

Áfengismælirinn sýndi manni kengdrúkkinn. Maðurinn mótmælti, sagði að svo drúkkinn gæti enginn keyrt og útskýrði sína hlið mála. Lögregla tók skýringar hans hins vegar ekki gíldar heldur svipti hann ökurétti á staðnum. Maðurinn hefur nú höfðað mál á hendur lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og krefst þess að fá ökuleyfis-sviptingunni hnekkt. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur dag. -sh

Aflþynnuverksmiðja í Krossnesi á Akureyri er á ætlu og mun opna í ágúst:

Níutíu ný störf í Eyjafirði

STÓRIÐJA Allt helst á ætlu varðandi gangsetningu aflþynnuverksmiðju á Akureyri og mun gangsetningin verða í ágúst, að sögn Eypórs Arnalds, framkvæmdastjóra Strokks Energy. Verksmiðjan, sem rís á vegum Becromal, verður í Krossnesi á Akureyri og hefur Strokkur tekið þátt í uppbyggingunni. Aflþynnur eru notaðir í rafþetta sem eru notaðir í allan raf-eindabúnað í dag.

„Verksmiðjuhúsið er risið og uppsetning á vélasmæðum er í gangi. Stefnt er að því að opna í ágúst en við erum ekki með nákvæmari dagsetningu en það. Það hefur allt gengið vel og menn binda miklar

vonir við þessa verksmiðju,“ segir Eypór. Talið er að verksmiðjan skapi um 90 bein störf og töluvert fleiri óbein störf.

„Verksmiðjan mun brjóta blað í stóriðju því þetta er bæði græn stóriðja og varan sem framleidd er fer inn á græna orkumarkaðinn. Einnig er verið að nota meiri hátækni en áður,“ segir Eypór.

Engar neikvæðar fréttir eru af verksmiðjunni sem heyrir til undantekninga í dag, að mati Eypórs. Verksmiðjan muni skapa talsvert miklar gjaldeyriskjur og hratt hafi gengið að byggja hana upp en skrifað var undir samninginn fyrir sléttum tveimur árum. -vsp

-18- Subway staðir um allt land
SUBWAY Taktu bát með í fríð
 Reykjavík • Mosfellsbæ • Akranesi
 Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi
 Keflavík • Hafnarfirði • Kópavogi

TENGI
 Tilboð vikunnar
 Ifö
 Ifö Cera salerni m/mjúkri setu
 Tilboð kr: **34.900,-**
 Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
 Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

Elfræti
 Lækkað verð!

SPURNING DAGSINS



Hannes, er þetta ekki draumur allra tengdasona?

„Tja, ég vona ekki en ég mun örugglega hafa þínu gaman af þessu.“

Hannes Óli Ágústsson leikur á móti tengdabappa sínum, Árna Pétri, í leikritinu Rándýr. Athygli vekur að í einu atriðinu þarf Hannes að berja Árna.

Heilsa Frakklandsforseta: Fannst líða yfir sig við æfingar

FRAKKLAND. AP Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, gekkst undir læknisrannsóknir eftir æfingar í gær.



NIKOLAS SARKOZY

Sarkozy fannst vera að líða yfir sig við æfingarnar og pantaði einkalæknir hans rannsóknir, segir í stutttri tilkynningu forseta-skrifstofunnar.

Ekki voru frekari upplýsingar í tilkynningunni.

Sarkozy var kjörinn forseti Frakklands árið 2007 og barðist meðal annars fyrir auknu gagnsæi í fréttum af forsetaheilsu. Þó var stutt sjúkráhúlega hans vegna hálsvandamáls haustið 2007 ekki gerð opinber fyrir en þremur mánuðum seinna. -mmf

Tveir meintir svikahrappar: Varðhald vegna svika staðfest

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti á laugardag gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum, fæddum 1989 og 1990, sem grunaðir eru um að hafa svikið minnst fimmtíu milljónir út úr tveimur hlutafélögum og Íbúðalánasjóði. Annar þeirra mun sitja í varðhaldi til morguns og hinn fram á fimmtudag.

Mennirnir eru taldir hafa með flóknum fólsum blekkt fyrir-tækjaskrá og tekið yfir stjórn tveggja fyrirtækja. Þeir hafi síðan haft af félögunum fé og einnig fasað kaupsamninga og blekkt Íbúðalánasjóð. Fleiri eru taldir tengjast málinu. Fleiri hafa þó ekki enn verið handteknir. -sh

Stjórnarþingmaður segir ráðherra sem ekki fylgi Alþingi ekki sætt í ríkisstjórn: Ögmundur segir orð Jóns eðlileg

STJÓRNMÁL „Ráðherra sem treystir sér ekki til að vinna samkvæmt samþykktum Alþingis er ekki sætt í ríkisstjórn,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingar, um ummæli Jóns Bjarnasonar. Jón sagði í gær að fresta ætti aðildarviðræðum að ESB þar sem hann hefði þungar áhyggjur af samningsstöðu Íslands í ljósi hótana erlendrar ráðamanna.

„Þetta eru fullkomlega eðlilegar vangaveltur af hálfu ráðherrans. Auðvitað renna tvær grimur á menn þegar við erum að sækja um aðild að klúbbi eins og ESB þegar á sama tíma er verið að hafa í hótun-



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR



ÖGMUNDUR JÓNASSON

um við okkur úr þeim ranni,“ segir Ögmundur Jónasson heilbrigðis-

ráðherra. Hann segist sjálfur ekki hafa velt fyrir sér hvort fresta eigi aðildarviðræðum en segir hótanir úr Samfylkingunni fráleitar. Þó hriktri ekki í stoðum ríkisstjórnarinnar.

Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingar, segir að það sé mikilvægt að menn sætti sig við niðurstöðu Alþingis í málinu. Vildi hann þó ekki tjá sig um hvort Jón Bjarnason ætti að segja af sér.

Árni Páll Arnason félagsmálaráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra vildu hvorki tjá sig um ummæli ráðherrans né hvort hann ætti að segja af sér. -vsp

Maður gekk berserksgangur á Barðaströnd

LÖGREGLAN Sérsveit ríkislög-reglustjóra og þyrla Landhelgis-gæslunnar voru kölluð til vegna vopnaðs manns sem gekk berserksgang með skotvopn á Barðaströnd aðfaranótt laugardags. Engan sakaði í árásinni en húsið var í rúst.

Maðurinn gekk berserksganginn vegna fjölskylduerja. Aður hefur maðurinn komið við sögu vegna meðferðar skotvopna. Það var á Álfanesi árið 2002 en þá yfirbugaði víkingasveitin hann. Málið var einnig vegna fjölskylduerja en maðurinn var ekki dæmdur til fangelsisrefsingar og ekki sviptur skotvopnaleyfi. -vsp

Bagalegt ef VR fer úr Alþýðusambandinu

Forseti ASÍ segir að það yrði það bagalegt fyrir vinnufólk á Íslandi ef VR segði sig úr ASÍ. Formaður VR segir þetta mál ekki hafa verið rætt formlega innan stjórnarinnar. Þetta verði hins vegar skoðað í komandi stefnumótun VR í haust.

VERKALÝÐSMÁL „Ef að til þess kæmi að VR myndi segja sig úr ASÍ þá væri það auðvitað bagalegt fyrir vinnufólk á Íslandi,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR, sagði um helgina að rætt hefði verið meðal stjórnarmanna VR að segja sig úr ASÍ. Ástæðan væri mikill kostnaður við að vera í sambandinu, en það kostar 70 milljónir á ári fyrir 25 þúsund félagsmenn VR. Einnig hafi verið einhver óánægja með stuðning ASÍ við aðildarumsókn að ESB. VR er um fjórðungur af félagsmönnum ASÍ.

GYLFI ARNBJÖRNSSON



KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON

„Í yfir 100 þúsund manna hreyfingu þá er það meirihlutinn sem mótast stefnunna. Það náðist ákveðið samkomulag á ársfundum okkar í október og mars milli þeirra sem voru hlynntir aðild og þeirra sem voru andvígir. Stefna okkar er að sótt verði um aðild og farið í viðræður og að sjálf-sögðu að þjóðin, og þar með talið okkar félagsmenn, afgreiði málið í þjóðaratkvæðagreiðslu,“ segir Gylfi sem sjálfur er almennur félagsmaður í VR.

Hann segir ályktun ASÍ ekki hafa



VR í VR eru um 25 þúsund félagsmenn og það er um fjórðungur félagsmanna ASÍ. Það kostar félagið um 70 milljónir á ári að vera í ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verið samþykkt einhljóða en varla hafi verið teljandi þeir sem hafi verið á móti. „Mig minnir að í október hafi verið sex atkvæði á móti þrjú hundruð,“ segir Gylfi.

Kristinn Örn, formaður VR, segir þetta mál ekki hafa verið rætt formlega innan stjórnarinnar en þetta sé eitt af því sem verði skoðað í komandi stefnumótun sem VR hyggst fara í í haust.

„Ég held að það séu afskaplega skiptar skoðanir um þetta en ákvörðun verður ekki tekin einn, tveir og þrír. Það þarf að vega og meta hvers virði aðild að heildar-samtökum eins og ASÍ er,“ segir Kristinn.

Þær 70 milljónir sem það kostar VR að vera í ASÍ er kannski ekki ýkja mikið miðað við veltu félagsins, að sögn Kristins. Það þurfi því að svara spurningunni hvort VR ætti ekki að reyna að auka áhrif sín innan ASÍ því ljóst sé að VR hafi engin áhrif utan ASÍ.

En hver er stuðningur VR við aðildarumsókn að ESB? „Ég held að það sé svona helmingur á móti helmingi og það endurspeglar samfélagið í heild. Ég hef stutt það persónulega að við sækjum um og leggjum samninginn í dóm þjóð-arinnar, eins og afstaða ASÍ var,“ segir Kristinn.

vidir@frettabladid.is

Lánaði félögum eigendanna: FME skoðar lán Landsbankans

VIBSKIPTI Fjármálaeftirlitið rannsakar nú lánveitingar Landsbankans til fyrirtækja tengdum eigendum bankans. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.

Lögum samkvæmt mega slík lán ekki vera meiri en fjórðungur eigin fjár banka, og í tilviki Landsbankans hafi sú tala verið 80 milljarðar. Samkvæmt frétt RÚV bendir allt til þess að lán Landsbankans til félaga tengdum eigendum hans hafi verið langtum meiri.

Þá leikur á því vafi, samkvæmt fréttinni, að bankinn hafi greint rétt frá þessum lánunum í uppgjöri frá því í október í fyrra. -sh

Eldsvoði í Stokkhólmi: Fimm stúlkur og kona létust

SVÍPJÓÐ Sex létust í það minnsta í eldsvoða í blokkaribúð nálægt Stokkhólmi í Svíþjóð á laugardag. Fimm stúlkur og ein kona, sem höfðu lokast inni í lyftu í blokkinni, létust.

Eldurinn braust út á fyrstu hæð hússins seint á laugardagskvöldið í úthverfinu Rinkeby sem er um 15 kílómetra vestur af Stokkhólmi. Auk þeirra sex sem létust eru að minnsta kosti tvö talin vera í lífshættu vegna reykeitrunar. Orsök eldsins er ekki kunn og er málið enn í rannsókn en lögregluþyrivöld hafa útilokað íkveikju. -vsp

LÖGREGLUFRETTIR

Átta líkamsrásir Átta minni háttar líkamsrásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Meðal annars var mál þar sem ölvuð ungmenni réðust að starfsmanni Hagkaupa í Skeifunni um miðja nótt.

Ríkislögrelustjóri og sóttvarnalæknir hittast oft í viku vegna svínaflensu: Áætlun í skólum vegna svínaflensu

HEILBRIGÐI Ef svínaflensan fer á hæsta viðbúnaðarstig gæti komið til samkomubanns, samkvæmt viðbragðsáætlun Ríkislögrelustjóra vegna heimsfaraldurs. Einnig gæti komið til þess að skólum yrði lokað.

„Þegar metið er hvaða ráðstafana á að grípa til er fyrst og fremst horft til þess hversu alvarleg flensan er,“ segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar Ríkislögrelustjóra. Hann segir embætti ríkislögrelustjóra og sóttvarnalækni hittast nokkrum sinnum í viku til að endurmeta stöðuna. Nýbúið er að endurmeta stöðuna og samkomubann er ekki upp á borðinu í dag.

En kemur til greina að loka skólum í haust? „Það yrði metið þegar nær dregur byrjun skólaársins í haust. Í byrjun ágúst munu skólar gera viðbragðsáætlanir vegna svínaflensunnar og gert er ráð fyrir að sú áætlun verði tilbúin í haust,“ segir Víðir.

„Staðan í dag er sú að við erum að reyna að halda fólki upplýstu um hvað það eigi að gera ef það veikist og hvernig eigi að forðast smit. Þeir sem eru með einkenni um verslunarmannahel-



SVÍNAFLENSA 23 hafa smitast af svínaflensu á Íslandi. Töluvert fleiri smit munu líklegast koma fram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ina ættu til dæmis að halda sig heima og fólk sem hefur smitast á ekki að þvælast út innan sjö daga eftir að einkennin koma upp,“ segir Víðir.

-vsp

ostur.is

Veldu létt ... og mundu eftir ostinum!

Græjaðu þig upp fyrir helgina í næstu verslun Nova!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Komdu við hjá okkur, græjaðu þig upp af góðu skapi og öðrum nauðsynjum. Við eigum bolta, boli, söngbók og tjald sem hentar sérlega vel fyrir góða stemningu um helgina. Og auðvitað farsíma í miklu úrvali og 3G punga fyrir fartölvur. Góða skemmtun!

990 kr.

Nova bolir

Nova sumarbolir með skemmtilegum frasa á nova.is eða í næstu verslun Nova. Þú getur einnig búið til bol með þínum eigin texta og símanúmeri á nova.is.



0 kr.

Söngbók Nova

Fáðu þér Nova söngbók með öllum bestu lögnum fyrir afmælið, sumarbústaðinn, partýið, útileguna, eða bara þegar þú ert ein(n) heima að æfa þig!

gitargrip.is Einnig getur þú búið til þína eigin söngbók á Gitargrip.is í samstarfi við Nova. Þar getur þú prentað út upphaldslögin þín með eða án gitargripa.



Ef þú kaupir 1.000 kr. frelsis áfyllingu í næstu verslun Nova færðu Nova bolta í kaupbæti.



690 kr.

Nova fótbolti

Fáðu þér flottan Nova fótbolta og sláðu í gegn á vellinum. Hann er líka alveg ómissandi í ferðalagið í sumar.

1.990 kr.

Nova diskókúlutjald

Nú er málið að skella sér í útilegu og vera í flottasta partýtjaldi sumarsins. Fáðu þér Nova diskókúlutjald á aðeins 1.990 kr á nova.is eða í næstu verslun Nova.



GJALDMIDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,57	126,17
Sterlingspund	206,76	207,76
Evra	178,68	179,68
Dönsk króna	23,997	24,137
Norsk króna	20,149	20,267
Sænsk króna	16,79	16,888
Japanskt jen	1,3231	1,3309

SDR 195,57 196,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,4946

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstaðan í Íran: Vill minnst hinna látnu

IRAN, AP Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Íran, Mir Hossein Mousavi, bað stjórnvöld í gær um að fá að halda minningarathöfn fyrir fórnarlömb átakanna sem brutust út í kjölfar kosninganna 12. júní.

Stjórnvöld í Íran hafa þrýst á að fjölskyldur fallinna mótmælenda syrgi í einrúmi af ótta við að samkomur hrindi af stað frekari mótmælendum létu lífið.

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar biðla nú til æðstu klerka í helgu borginni Qom að aðstoða sig í baráttunni. - kbs



JÓGVAN Í SUMARFRÍ Söng fyrir Albert II prins af Mónakó. MYND/FINNUR JUSTINUSSEN

Jógvan í Færeyjum:

Söng fyrir Albert af Mónakó

FÓLK Söngvarinn Jógvan Hansen söng fyrir Albert II prins af Mónakó í Færeyjum við frumsýningu á myndinni Inuk, um barnaheimilið Ummannaq í Grænlandi.

Prinsinn var á Grænlandi í apríl og hitti þar fólk sem vann við gerð myndarinnar. Við það tækifæri var ákveðið að hann myndi vera viðstaddur frumsýningu myndarinnar.

Við frumsýningu myndarinnar í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn voru auk Alberts færeyski lögmaðurinn og 300 aðrir gestir. - mmf



Lagðist að bryggju í Vancouver í Kanada með dauða langreyði á stefninu:

Skemmtiferðaskip sigldi á hval

KANADA Skemmtiferðaskip hefur lagst að bryggju í Vancouver með dauðan hval á framstefni.

Dýrið fannst þegar skemmtiferðaskipið, Sapphire Princess, undirbjó að leggja til bryggju eftir ferð frá Alaska. Starfsmenn sjávarútvegsráðuneytis Kanada fjarlægðu hræid af stefninu.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu Princess Cruise Lines, sem gerir út Sapphire Princess, kemur fram að það viti ekki hvernær eða hvernig dýrið festist við skipið. Í tilkynningunni sagði: „Við urðum hessa þegar við uppgötvuðum að dýrið væri fast við skipið, og þykir mjög leitt að þær aðstæður sköp-

uðust sem leiddu til dauða hvalins. Óráðið er hvernig eða hvernær þetta gerðist, þar sem við höfum strangar reglur um að forðast hvali á stöðum þar sem skipin okkar eru í nágrenni við sjávarlíf.“ Einnig kom fram að fyrirtækið vissi ekki til þess að nokkrir hvalir hefðu verið í sjónmáli við skipið. Að sögn var kanadíska strandgæslan látin vita þegar hvalurinn fannst.

Sapphire Princess er með fjórar sundlaugar, búðir og heilsulindir um borð. Þá siglir hún á sumrin til Alaska en til Mexíkó, Ástralíu og Suður-Kyrrahafsins aðra hluta ársins. - mmf



HVALUR Á STEFNI Skemmtiferðaskipið Sapphire Princess lagðist að bryggju með hval á framstefni. NORDICPHOTOS/AFP

Indverski herinn:

Kjarnorkukafbátur sjósettur

INDLAND, AP Indland hefur sjósetti sinn fyrsta kjarorkudrifna kafbát og er sjötta landið í heiminum sem það gerir.

Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, sjósetti hinn sex þúsund tonna kafbát við formlega athöfn í gær. Við athöfnina sagði Singh að Indland hefði ekki áráð í huga með kafbátunum heldur væri sjórinn að verða mikilvægari í öryggi og vörnum Indlands. Gerðar verða tilraunir á kafbátunum næstu árin en fullgerður á hann að geta hlaðið skotmörk í sjö hundruð kílómetra fjarlægð og taka hundruð sjómenn. - mmf

Uppbyggingu lokið við Lækjargötu í vor

Forval er hafið vegna uppbyggingar á brunareitnum á horni Austurstrætis og Lækjargötu. Uppbyggingu verður lokið næsta sumar og húsin komin í eigu einkaaðila eða útleigu. Framkvæmdir hefjast einnig við Laugaveg 4 og 6 í haust.

SKIPULAGSMÁL Forval er hafið vegna hluta uppbyggingar á brunareitnum á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Húsin sem þar stóðu brundu í apríl 2007. Stefnt er að því að ný hús verði komin í eigu einkaaðila eða útleigu næsta sumar.

Reykjavíkurborg keypti lóðirnar og brunarústirnar á horni Austurstrætis og Lækjargötu í nóvember 2007 og maí 2008. Kaupverðið var 583 milljónir króna, en frá því dregst váttryggingarfé vegna brunans.

Lóðirnar eru hluti af svokölluðum Pósthússtrætisreit, sem afmarkast af Pósthússtræti, Austurstræti, Lækjargötu og Skólabrú. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir gönguleið í gegnum miðjan reitinn frá Austurstræti til Skólabrúar og tengingum út í Lækjargötu og Pósthússtræti. Þá verður Landfógetagardurinn endurvakinn í húsaportinu.

Húsið að Austurstræti 22, gamla Landsyfirréttarhúsið, verður endurbyggt í upprunalegri mynd. Steypa þarf sameiginlegan kjallara allra húsanna og fyrstu hæð á Lækjargötu 2, en húsið sem þar stóð verður sett þar ofan á. Þá er gert ráð fyrir að miðhluti Austurstrætis 20, Svenska húsið og vestasti hlut þess, Bökunarhúsið, hækki um eina hæð. Húsið er friðað samkvæmt þjóðminjalögum.



LÆKJARGATA OG AUSTURSTRÆTI Húsin brundu í apríl árið 2007. Forval vegna uppsetingar er hafið, en reiknað er með að húsin verði komin í fullan rekstur næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, segir að alls verði settar 500 milljónir króna í verkið á þessu ári. Heildarkostnaður ráðist af því hve langt Reykjavíkurborg fer með verkið. Borgin mun að lágmarki klára ytra byrði húsanna, en síðan verða þau boðin til kaups eða leigu. Framkvæmdatíminn verður nýttur til að finna kaupendur eða leigjendur.

Framkvæmdir við Laugaveg 4 og 6 hefjast einnig í haust. Óskar segir að unnið verði samhliða að

verkunum. „Þetta er hluti af svokölluðu Halland-verkefni, þar sem tengd er saman endurmenntun við endurgerð gamalla húsa. Atvinnulausum iðnaðar- og tæknimönnum verður boðin vinna við verkið.“

Borgin hyggst einnig bjóða húsin við Laugaveg út, en byggja í það minnsta upp ytra byrði þeirra. Endanlegur kostnaður við verkið ræðst af því hvernær kaupendur, eða leigjendur, koma inn í reksturinn. kolbeinn@frettabladid.is



YFIRLÝSING UM STUÐNING Vygaudas Ušackas og Árni Þór Sigurðsson.

Litháar hafa engu gleymt: Styðja umsókn

STJÓRNMÁL Litháenska þingið lýsir yfir fullum stuðningi við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Utanríkisráðherra Litháen, Vygaudas Ušackas, fundaði með Össuri Skarphéðinssyni og Árna Þór Sigurðssyni, formanni utanríkisráðgjafarinnar á laugardag vegna þessa.

Í ályktun þingsins er áhersla lögð á að Litháar hafi ekki gleymt viðurkenningu Íslendinga á sjálfstæði þeirra, 1991. Önnur aðildarlönd eru hvött til að styðja umsókn Íslendinga. Loks er lýst yfir vilja ríkisins til að deila reynslu sinni af aðildarviðræðum. - kbs

Breytingar á umferðarlögum: Eftir einn ei aki lengur neinn

UMFERÐ Samkvæmt drögum að frumvarpi til nýrra umferðarlaga verður leyfilegt vinnudagurinn í blóði öllum lækkað verulega, úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill. Þetta þýðir að verði frumvarpið að lögum verður ekki lengur hægt að setja undir stýri eftir að hafa til dæmis drukkið einn áfangan bjór.

Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að ökumaður missi ekki ökuréttindi ef hann mælist með 0,2 til 0,49 prómill í blóði sínu við fyrsta brot. Samgönguráðherra hefur nú frumvarpsdrögin til skoðunar, en þau voru unnin af sérstakri nefnd sem skipuð var til að endurskoða lög. - sh

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

RIGNING NÆSTU DAGA Upp úr hádegi gengur úrkomusvæði inn á norðaustan- og austanvert landið en það léttir víða til SV- og V-til síðdegis. Á morgun verður hins vegar rigning með köflum í flestum landshlutum en það dregur heldur úr vætunni á miðvikudag.

Á MORGUN Fremur stíf norðaustlæg átt NV-til, annars hægar.

MIÐVIKUDAGUR Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.



HEIMURINN

Alicante	32°
Basel	33°
Berlín	29°
Billund	22°
Eindhoven	24°
Frankfurt	30°
Friedrichshafen	32°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	25°
London	20°
Mallorca	33°
New York	29°
Orlando	32°
Ósló	19°
París	25°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SPORTBÚÐIN

Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum

Frábært verð



Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.

Hefurðu séð betra verð ?



Við höfum ekki séð betra verð á spúnum.
aðeins 299 kr. stykkið.

Ódýru fluguhjólin



Okuma Airframe fluguhjól.
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.

Flugulínur á fínu verði



Ron Thomson flotlínur
á ótrúlegu verði.
Aðeins 4.995.

Sportbúðin býður betur



Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur,
önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft
í veiðina á góðu verði

Ódýrir veiðijakkar



Ron Thompson vatnsheldur
veiðijakki með fjölda vasa.
Líttu á verðið. Aðeins 12.980

Ótrúlegt verð



Flugustangir á frábæru verði.
Aðeins frá 5.995.

Góðar vöðlur á góðu verði



Punnar Nylo-Stretch vöðlur
með áföstum stígvélum.
Frábært verð. Aðeins 14.995.

Hálfvirði



Okuma og DAM veiðihjól.
50% afsláttur af völdum hjólum.
Gott úrval og frábært verð.

Stál og hnífar



Hnífasettin komin aftur
Áfram sama góða verðið 4.995



SPORTBÚÐIN

Í leiðinni úr bænum

2.995kr



Góð veiðivesti á ótrúlegu verði.
Aðeins 2.995.

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is

KJÖRKASSINN

Ætlar þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

Já	11%
Nei	89%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ætti Jón Bjarnason að hætta sem ráðherra fyrst hann er ósamála ESB-stefnu stjórnarinnar?

Segðu skoðun þína á visir.is

Nefnd falið að endurskoða löggjöf og úrræði fyrir skuldsett heimili: Böndum komið á innheimtukostnað

STJÓRNMÁL Skipa á nefnd til að endurskoða löggjöf sem lýtur að úrræðum fyrir heimili og einstaklinga í greiðsluferfiðleikum og leggja fram tillögur um leiðir til að styrkja stöðu lántakenda á fjármálamarkaði. Nefndin verður skipuð fulltrúum félagsmálaráðherra, dómismálaráðherra og viðskiptaráðherra. Er ráðgert að



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Félagsmálaráðherra.

HELSTU VERKEFNI NEFNDARINNAR

- Meta hvernig úrræði um almenna greiðsluáðlögun og tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna hafa nýst og kanna hvort breyta þurfi þeim skilyrðum sem um úrræðin gilda.
- Endurmeta reglu um að innborgunar á kröfur gangi fyrst til greiðslu kostnaðar og vaxta og annarra atvika sem teljast sérstaklega íþyngja-

andi fyrir skuldara og draga úr hvata til að standa í skilum.

- Leita leiða til að koma böndum á hámark innheimtukostnaðar lögmanna, til dæmis með breyttum aðferðum við útreikninga innheimtuþóknunar og setningu hámarksþóknunar sem tengist fjárhæð kröfunnar.

hún skili tillögum áður en Alþingi kemur saman í haust. Meðal þess sem nefndinni verður gert að gera er að koma bönd-

um á hámark innheimtukostnaðar lögmanna. Félagsmálaráðherra hefur kynnt verkefnið í ríkisstjórn.

Danskur prins skírður: Leynd hvíldi yfir nafninu

DANMÖRK, AP Sonur hjónanna Jóakims Danaprins og hinnar frönsku Marie prinsessu var skírður Henrik Carl Joachim Alain í gær. Henrik fæddist þann fjórða maí og er sjöundi í röðinni til ríkiserfða. Leynd var yfir nöfnunum þar til við skírnarathöfnina eins og venja er í dönsku konungsfjölskyldunni. Athöfnin fór fram í Moegeltönder kirkju nálægt heimili hjónanna í Suður-Jótlandi og um 140 gestir voru viðstaddir. Jóakim prins er yngri bróðir Friðriks krónprins. Hann á tvo syni af fyrra hjónabandi, þá Felix og Nikolai.

Sjúkratryggingar Íslands

Bæklunarlæknar - bæklunarlækningar -

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) óska eftir sjálfstætt starfandi bæklunarlæknum til að gerast aðilar að rammasamningi um bæklunarlækningar fyrir sjúkratryggða skv. lögum nr. 112/2008.

Þjónustan hefur hingað til verið veitt utan heilbrigðisstofnana og greiðslubátttaka SÍ vegna hennar byggt á reglugerð nr. 314/2008 með síðari breytingum. Jafnframt falla krossbandaðgerðir undir samninginn, en fyrir þær er nú greitt tímabundið skv. sérstökum samningum.

Í rammasamningnum eru gerðar ákveðnar hæfniskröfur. Frestur til að gerast aðili að rammasamningnum er til 10. ágúst 2009. Þeir sem áhuga hafa á að veita ofangreinda þjónustu geta nálgast samninginn á heimasíðu SÍ www.sjukra.is

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri tryggingasviðs SÍ í síma 5150000.

Auglýsing þessi byggir á 40. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Aung San Suu Kyi

- 19. júní 1945** Fædd í Rangún
- janúar 1947** Bretar fallast á að veita Búrma sjálfstæði í kjölfar samninga við Aung San herforingja, leiðtoga þjóðernissinna og föður Suu Kyi
- júlí** Aung San og sex ráðherrar drepnir af andstæðingum bráðabirgðastjórnar þeirra
- 1948** Sjálfstæði Búrma
- 1960** Suu Kyi heldur til náms á Indlandi og síðar Bretlandi
- 1972** Giftist breska fræðimanninum Michael Aris. Synir þeirra fæddir 1973 og 1977.
- 1988** Snýr heim til Búrma til að sinna dauðvona móður. Gerist leiðtogi lýðræðishreyfingar gegn herforingjastjórninni. Herinn drepur fjölda mót-mælenda. Tekur þátt í stofnun Þjóðarbandalags um lýðræðisflokk
- 1989** Herforingjastjórnin lýsir yfir herlögum. Suu Kyi í stofufangelsi
- 1990** Herforingjastjórnin efnir til kosninga, en neitar að láta af völdum þrátt fyrir stórsigur Þjóðarbandalagsins
- 1991** Hlýtur friðarverðlaun Nóbels
- 1995** Látin laus úr stofufangelsi
- 1999** Eiginmaður hennar deyr úr krabbameini í Bretlandi
- 2000** Aftur í stofufangelsi í september. Látin laus 2002
- 2003** Sett í fangelsi eftir atök stuðningsmanna hennar við stuðningsfólk herforingjastjórnarinnar
- 2007** Suu Kyi sést opinberlega fyrir utan heimili sitt í fyrsta sinn í meira en fjögur ár
- 2008** Stofufangelsi framlengt um eitt ár.
- 14. maí 2009** Suu Kyi ákærð fyrir að brjóta reglur um stofufangelsi eftir að Bandaríkjaáður komst óboðinn inn í hús hennar.



ingsmanna hennar við stuðningsfólk herforingjastjórnarinnar



you can **Canon**

Taktu myndir á ystu nöf með Canon PowerShot D10

Ný vatnsheld myndavél frá Canon sem hefur fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum. Taktu Canon PowerShot D10 með í sundið, veiðina, á ströndina eða þegar þú ferð á skíði.

Söluaðilar um land allt. Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is

Réttarhöldin yfir Suu Kyi dragast enn

Herforingjastjórnin í Búrma reynir að tryggja að baráttukonan Aung San Suu Kyi verði í stofufangelsi fram yfir kosningar, sem boðaðar eru á næsta ári.

BÚRMA, AP Réttarhöldunum yfir Aung San Suu Kyi var á föstudaginn frestað fram yfir helgi, eftir að verjendur hennar höfðu lagt fram þrjátíu blaðsíðna lokayfirlýsingu sína.

Réttarhöldin hefjast væntanlega á ný í dag, en Suu Kyi sagðist afar óánægð með frestunina. Þar með fá saksóknarar meiri tíma til að undirbúa sína lokayfirlýsingu.

Ekki er reiknað með úrskurði dómara fyrr en í næsta mánuði. Suu Kyi er ákærð fyrir að hafa brotið reglur um stofufangelsi með því að hýsa í tvo daga Banda-

riksamann nokkurn, sem óboðinn komst inn í hús hennar eftir að hafa synt með leynd yfir stöðuvatn sem er á bak við húsið.

Suu Kyi er leiðtogi stjórnarandstöðuhreyfingar sem vann stórsigur í þingkosningum árið 1990, en hefur síðan flest árin verið í stofufangelsi með nokkrum hléum.

Herforingjastjórnin tók ekki mark á þeim úrslitum, sat sem fastast en hefur boðað til kosninga á næsta ári, að því er virðist í þeirri von að sigur muni losa hana undan áskununum um að hafa ekki lýðræðislegt umboð.

Framlenging stofufangelsisins myndi tryggja að Suu Kyi fengi ekki frelsið fyrr en þær kosningar verða afstaðnar, og geti því ekki látið til sín taka í aðdraganda þeirra.

Síðustu árin hafa komið fram áhyggjur af heilsufari Suu Kyi. Við réttarhöldin hefur hún þó virst við góða heilsu. „Hún var heil heilsu og í góðu skapi. Hún sást gera að gamni sínu við lögræðinga sína,“ sagði stjórnarérindreki, sem var viðstaddur réttarhöldin en taldi ekki óhætt að láta nafns síns getið.

gudsteinn@frettabladid.is

Nýja Kaupþing kynnti nýja leið til að taka á greiðsluvanda heimilanna:

Boðið upp á skuldaaðlögun

FJÁRMÁL Nýja Kaupþing hefur útfært nýja lausn fyrir þá viðskiptavini sem búa við skuldir umfram greiðslugetu. Hugmyndin var kynnt á föstudag. Úrræðið kallast skuldaaðlögun og felur í sér að láni viðskiptavinar, að undangengnu greiðslumati, er breytt í nýtt verðtryggt langtímalán.

„Skuldaaðlögun er nýtt úrræði sem mun auðvelda mörgum fjölskyldum að komast út úr alvarlegum greiðsluvanda,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings og segir bankann ætla að vinna að endurreisninni með heimilum og fyrir-tækjum.

Lánið yrði veitt til alls 40 ára og yrði að lágmarki 80 prósent af markaðsvirði fasteignar. Tryggingarbréf yrði útbúið fyrir mismuni nýja lánsins og 110 prósent markaðsvirðisins. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að kröfuhafar geti gert fjárnám í eftirstöðvar af láninu. Upphaflega láninu er breytt í biðlán án vaxta og verðbóta með einum gjalddaga eftir þrjú ár. Þegar býður Kaupþing upp á greiðslujöfnun, breytingu á lánaskilmálum, tímabundna frestun afborgana og lengingu lánstíma. Verið er að þróa skuldaaðlögun innanhúss hjá Landsbank-



FINNUR SVEINBJÖRNSSON Bankastjóri Nýja Kaupþings segir bankann ætla að vinna að endurreisninni með heimilum og fyrirtækjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

anum, að sögn Tinnu Molphy, upplýsingafulltrúa bankans. Ekki er vitað hvenær það verður kynnt, að sögn Tinnu. Verið er að skoða ýmsar útfærslur hjá Íslandsbanka, að sögn Birnu Einarssóttur banka-stjóra, en þungamiðjan í endanlegri lausn verður samt sem áður greiðslugeta viðskiptavinarins.

- vsp

NYTT!

mentos GUM

FYLLTU VASANN AF MENTOS TYGGJÓ!



SVEFNSÓFAR

ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasyningarsal landsins. Allt frá einföldustu og ódýrustu svefnsófum upp í hágæða svefnsófa sem veita þér og þínum endurnærandi svefn.

ARGH108009-1

T160
Svefnsófi



COMODO
Svefnsófi



CLOVE
Svefnsófi



COUPLE
Svefnsófi



OZI
Gestarúm



**SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ!**



rekkjan



- 1 Hver er fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyissjóðsins á Íslandi?
- 2 Hvaða kantmaður úr karlaliði Vals í knattspyrnu hefur gengið til liðs við Prótt á lánsamningi?
- 3 Hvað heitir læknir Michaels Jackson, sem grunaður hefur verið um græsku í tengslum við andlát poppgöðsins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Ríkið hefur þyngt byrðarnar

STJÓRNMÁL Sveitarfélögin í landinu voru rekin með samtals rúmlega níttján milljarða króna halla á síðasta ári. Séu fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna tekin með í reikninginn (samstæðureikningar) nam tapið rúmlega 109 milljörðum. Fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir að rekstrartapið verði rúmlega 1,5 milljarðar á þessu ári og að um 15 milljarða afgangur verði af samstæðureikningum. Gengisveiflur hafa mikil áhrif á samstæðureikningana.

Þessar upplýsingar er að finna í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokksins.



HALLDÓR HALLDÓRSSON formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fram kemur að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga telur ástæðu til að skoða sérstaklega fjárhag 10-15 sveitarfélaga.

Samanlagðar skuldir sveitarfélaganna hækkuðu um tæpa 60 milljarða króna frá 2007 til 2008 og námu um áramót 155 milljörðum. Skuldir samstæðnanna jukust um tæpa 200 milljarða og stóðu um áramót í tæpum 450 milljörðum.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands sveitarfélaga, segir stöðu sveitarfélaganna augljóslega mjög erfiða enda hafi skellurinn síðasta haust verið rosalegur. Sveitarfélögin hafi með minnkandi tekjum með aðhaldi í rekstri en ríkið svo tekið til sín hluta hagræðingarnar með auknum álögum, til dæmis hækkuðu tryggingagjaldi.

- bps

Frumvarp um persónukjör: **Vísað til allsherjarnefndar**

KOSNINGAR Fyrsta umræða um persónukjör til alþingis- og sveitarstjórnkosninga fór fram á föstudag. Mælti Ragna Árnadóttir dómálaráðherra fyrir frumvarpinu. Uptaka persónukjörs er meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar og hluti af „lýðræðisumbótum sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar“.

Frumvarpinu var vísað til allsherjarnefndar, eins og alltaf eftir fyrstu umræðu, og fer önnur umræða líklega fram eftir verslunarmannahelgina. Stefnt er að því að fyrst verði notast við nýja kerfið í sveitarstjórnkosningum á næsta ári.

- vsp

Annir og sumarleyfi tefja svör

ALPINGI „Vegna mikilla anna við undirbúning fjárlaga auk sumarleyfa treystir ráðuneytið sér ekki til að veita svarið nú en mun taka þessar upplýsingar saman svo fljótt sem auðið er.“

Svo segir í svari Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við fyrirspurn Helga Hjörvar Samfylkingunni um hve miklum fjármunum hefur verið veitt til kynningarstarfs vegna hvalveiða. Spurningin er ítarleg og óskar Helgi margvíslegra sundurgreininga á framlögum. Í svari segir þó að kynning á málstað Íslands varðandi hvalveiðar hafi verið víðtæk.

- bps



JÓN BJARNASON

Engin ástæða til gruns um brottkast

SJÁVARÚTVEGUR Jón Kristjánsson fiskifræðingur segir að við skoðun á löndunum á Vesturlandi hafi hann séð alla sem strandveidar stunduðu koma með fullan kvóta, 800 kíló, af vænum þorski. Ekkert hafi verið af ýsu, ufsa eða smáfiski. „Það er spurning hvort þetta dagsaflahámark leiði til þess að menn reyni að hámarka verðmæti aflans,“ segir Jón.

Telur hann kvótakerfi á handfæraveiðum vera hreina vitleysu og geta leitt til þess að menn velji verðmætasta fiskinn. Betra væri að hafa þetta eins og í Færeyjum þar sem menn fá ákveðinn dagafjölda til veiða og mega landa öllu sem þeir fá.

„Menn hafa ýjað að því að stund-

að sé brottkast í strandveiðum. Þetta eru sögur sem fara af stað ef mönnum mislíkar eitthvað,“ segir Arthur Bogason, formaður Landsambands smábátaeigenda. Trúir hann og treystir því að menn geri ekki slíka hluti og ef það sé gert „sé það í algjöru lágmarki“.

Hjörleifur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðarins á Patreksfirði, segir að engin ástæða sé til grunsemda um þetta.

„Auðvitað eru bátar sem koma með stóran og fallegan fisk, það er bara af því að þeir fara á aðrar slóðir,“ segir Hjörleifur. Óvenjumikið sé af fiski á sunnanverðum Vestfjörðum og menn hafi jafnvel fengið fisk innst inni í fjarðarbotni.

- vsp



GRÓÐUREYÐING Gróður hefur eyðst umtalsvert á um 11 ha svæði frá því að virkjunin var gangsett árið 2006. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi ákveðin skilyrði í leyfisveitingu fyrir framkvæmdinni.

Stækkun gæti haft verulega neikvæð áhrif

Skipulagsstofnun telur stækkun Reykjanesvirkjunar geta haft neikvæð áhrif. Vill stofnunin setja það skilyrði að HS Orka sjái um vöktun á ýmsum atriðum. Mikil gróðureyðingu hlýst af virkjuninni.

UMHVERFISMÁL Skipulagsstofnun telur að samlegðaráhrif núverandi Reykjanesvirkjunar og fyrirhugaðrar stækkunar hennar séu verulega neikvæð með tilliti til landslags, nútímaþrauna og verndargildis. Jarðvarmavirkjun falli illa hinni sérstöðu náttúru sem á Reykjanesi er.

Þetta kemur fram í nýju álit Skipulagsstofnunar sem birtist á fimmtudag. Leggur hún til að verði leyfi gefið fyrir stækkuninni þurfi að setja þau skilyrði að séð verði um vöktun á áhrifum á kríu, gróður, og lífríki sjávar og fjöru í samráði við sérfræðinga. Í álitinu kemur hins vegar fram að erfitt sé að leggja mat á hver verði áhrif framkvæmdanna á jarðhita sem náttúruauðlind.

Reykjanesvirkjun, sem er 100 MW jarðvarmavirkjun á miklu hverasvæði í eigu HS Orku, var gangsett árið 2006 og fyrirhugar HS Orka að stækka virkjunina um 80 til 100 MW.

Frá því að virkjunin var gangsett árið 2006 hefur gróðureyðing á staðnum verið umtalsverð á um 11 hektara svæði. „Það er ekki víst hvort það yrði áframhaldandi gróðureyðing við stækkunina en virkni hveranna jókst mikið þegar virkjunin var tekin í gagn,“ segir Jakob Gunnarsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Segir hann gróður ýmist hafa soðnað eða eyðst vegna þessa. Til dæmis hafi plantan naðurtunga, sem vex einungis í volgum jarð-

.....
 „Það er ekki víst hvort það yrði áframhaldandi gróðureyðing við stækkunina en virkni hveranna jókst mikið þegar virkjunin var tekin í gagn.“
JAKOB GUNNARSSON
 SÉRFRÆÐINGUR HJÁ UMHVERFISSTOFNUN

vegi og er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, eyðst á ákveðnum svæðum vegna aukinnar virkni jarðhitasvæða.

Aukinn hiti hefur einnig eyðilagt aðstöðu sem búið var að byggja upp fyrir ferðamenn í kringum hverasvæðið. Það hefur skaðað ferðamennsku mikið á Sudurnesjum, samkvæmt álit Skipulagsstofnunar. Hins vegar sé mögulegt að stækkunin geti haft jákvæð áhrif á ferðamennsku ef hverasvæðið verður gert aðgengilegt á ný.

Fyrirhugað er að 30-50 MW af stækkuninni verði með svokallaðri þækilvirkjun, sem vinnur betur orku úr þeim jarðvarma sem er til staðar. Minni áhrif eru á ýmsa umhverfisþætti með þess konar virkjun, að sögn Jakobs.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, segir fyrirtækið ekki reiðubúið að tjá sig. Hann hafi fengið skýrsluna í gærmorgun og eigi enn eftir að kynna sér hana í þágu. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist í vetur og gangsetning verði 2011.

vidir@frettabladid.is

Einstakur sumarsími

Þú getur talað fyrir **12.000 kr.** 1.000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.

SONY ERICSSON G502

Ódýr og flottur 3G sími með MP3 spilara, FM útvarpi, tónlistargreini og Active Sync stuðningi. Farðu á M-ið í símanum og skoðuðu Gmail eða Hotmail póstinn hvar og hvenær sem er.

Símalán - útborgun: 900 kr.
 Aðeins 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
 Verð: 24.900 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn



Vildarpunktur + peningar hvenær sem þig langar út í heim

Sameinaðu kosti þess að nota bæði Vildarpunkta og peninga þegar þú greiðir fyrir flug með Icelandair.

Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta valið á milli þriggja gjafabréfa sem hægt er að kaupa fyrir Vildarpunkta og nýta hvenær sem er upp í flugfargjald með Icelandair.

„Stemningin var alltaf mjög skemmtileg. Það klikkaði yfirleitt aldrei að fara á ball í Gláðheimum,“ segir Hanna Helgadóttir, formaður Kvenfélagsins Fjólu í Vogum á Vatnsleysuströnd. Nýlega var samkomuhúsið Gláðheimar í Vogum rífið en Hanna er uppalin í Vogunum og á margar minningar frá Gláðheimum.

„Fyrst þegar ég fór inn í Gláðheima var ég fimm eða sex ára. Ég þekkti dóttur mannsins sem byggði húsið og við lékum okkur þarna inni í netahrúgum og drasli. Við fórum í mömmuleik í fatahenginu, hrærdum búðing og skemmtum okkur,“ segir Hanna en bætir við að þó hafi húsið verið byggt sem samkomuhús.

Hanna segir að í Gláðheimum hafi líka verið starfrækt bíó og fyrstu minningar hennar um Gláðheima tengjast einmitt starfsemi þess. „Fyrsta myndin sem ég sá þarna var Síðasti bærinn í dalnum. Gláðheimar voru eina bíóið á staðnum og það

brakaði og brast í því öllu. Karlinn var einhvers staðar uppi á hanabjalca að sýna myndirnar.“

Hanna segir Gláðheima tengjast böllum í bænum sterkum böndum. „Á áramótaböllum ungmennafélagsins í gamla daga máttu koma krakkarnir sem urðu sextán ára á árinu sem var að hefjast. Þangað fór líka fullorðið fólk og allir skemmtu sér saman,“ útskýrir hún en í Gláðheimum voru fleiri böll: „Haldin voru þorablót, hjónaböll, og fullveldisfagnaðir. Þar vorum við í Ungmennafélaginu að leika leikrit og syngja í sönghópum en mikið var um æfingar.“

Aðspurð segir Hanna alltaf hafa verið gaman í Gláðheimum. „Glaðheimar höfðu ákveðinn sjarma. Allir komu með pokann sinn á böllin því ekkert vín var selt. Auðvitað voru slagsmál eins og oft á sveitaböllum.“ Hún minnst þess að meiri stemning hafi verið í kringum Gláðheima þegar bærinn var minni. „Þegar hér

þjuggu fjögur til sex hundruð manns en nú eru hér tólf hundruð. Gláðheimar hafa ekki tilfinningagildi fyrir yngri bæjarbúa. Allt er breytingum háð.“

Hanna segir mikla eftirsjá að Gláðheimum. „Ég vinn í mótuneytinu í skólanum og við keyrum mat til leikskólans og þurftum þess vegna að fara fram hjá niðurrifinu og til baka aftur á hverjum degi. Ég var næstum því með tárin í augunum og sá húsið hrynja smátt og smátt. Við vorum flest öll alls ekki sátt við þetta.“

Vogar hafa þó eignast annað samkomuhús í stað Gláðheima í Stóru-Vogaskóla. „Við kvenfélagskonur þurftum þó í fyrsta sinn í sögu kvenfélagsins að aflýsa þorablóti vegna þess að fólk vildi ekki koma í þorablót í skólanum. Það var hræðilegt,“ segir Hanna en bæjarbúar hafa nú tekið salinn í sátt og þar hafa verið haldin tvö þorablót.

martaf@frettabladid.is



80 ára afmæli

Árni St.

Hermannsson

verður 80 ára á morgun 28. júlí. Tekur hann á móti ættingjum og vinum á afmælisdaginn í Gullsmára 9, 14. hæð.



Ástkær faðir okkar, fösturfaðir, afi, sonur og bróðir,

Jón Baldursson

Tollvörður, Ásgarði 55, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 22. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 29. júlí kl. 13.00.

Baldur Jónsson
Freyr Jónsson
Hrund Guðmundsdóttir
Fura Barkardóttir
Gréta Jónsdóttir
Sigurður E. Baldursson
Puríður E. Baldurssdóttir
Ingi P. Vöggsson.

Börkur Eiríksson
Vöggur Jónsson
Jóhann S. Erlendsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ingunn Helga
Hallgrímsdóttir

áður til heimilis í Sæborg Glerárhverfi,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 21. júlí. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 31. júlí kl. 13.30.

Hallgrímur Gísli Friðfinnsson
Sóley Rannveig Friðfinnsdóttir
Skúli Friðfinnsson
Þórdís Friðfinnsdóttir
Brynja Friðfinnsdóttir
Edda Friðfinnsdóttir
Hrönn Friðfinnsdóttir
Jóhannes B. Long
og ömmubörnin.

Anna Lísa Jóhannesdóttir
Margrét Anna Hjaltadóttir
Bergþór Ragnarsson
Vidar Þorleifsson
Guðjón Stefánsson
Þengill S. Stefánsson



Okkar innilegustu þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlybúg við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jóhönnu Lárusdóttur

Hlíðarenda við Akureyri,

sérstakar þakkir til starfsfólks handlækninga- og öldrunarlækningadeilda Sjúkrahúss Akureyrar, einnig starfsfólki á dvalarheimilinu Hlíð fyrir kærleiksrika umönnun og vináttu.

Fyrir hönd aðstandenda
Baldur Halldórsson.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Jónsdóttir

áður til heimilis Krók 2, Ísafirði,

verður jarðsöngin frá Kotstrandarkirkju þriðjudaginn 28. júlí kl. 14.00.

Ólína Louise Lúdvíksdóttir
Ásdís Jóna Lúdvíksdóttir
Hólmfríður Lúdvíksdóttir
Kjartan Jón Lúdvíksson
Óli Pétur Lúdvíksson
barnabörn og barnabarnabörn.

Helgi Leifsson
Björn Gísli Bragason
Anna Helga Sigurgeirsdóttir
Sólveig Ingibergsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Málfríður Rannveig Oktavía
Einarsdóttir


frá Lækjarbakka, Tálknafirði,

verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 28. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Hrafnistu, síma 585-9500.

Herbert Guðbrandsson
Olga Herbertsdóttir
Jón Herbertsson
Sævar Herbertsson
Einar Herbertsson
Ómar Herbertsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Ásgeir Kristinsson
Dagný Bjarkadóttir
Freyja Benediksdóttir
Margrét Hermannsdóttir

Smurpjónusta



Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurpjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna: 9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna: 9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bíldshöfða 5a,
Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.
Skoðuðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Saga af eldhúsbörðri

NOKKUR ORÐ
Pórunn
Elísabet
Bogadóttir

Fyrir tæpum tveimur mánuðum flutti ég í nýja íbúð. Það gekk voðalega smurt fyrir sig, fyrir utan eitt. Eldhúsbörðið mitt var of stórt til þess að komast í heilu lagi inn um útidyrnar. Í góða veðrinu sem var þennan dag var ákveðið að geyma börðið bara fyrir utan og ráðast í að taka það í sundur daginn eftir. Það átti víst ekki að vera neitt vandamál.

Daginn eftir upphófust vandræðin. Börðið var nefnilega með glerplötu, og ég segi frá því vegna þess að á sunnudagsmorgni heyrði ég gríðarleg brothljóð fyrir utan íbúðina. Ég hélt að það hefði orðið árekstur miðað við öll lætin en brá frekar mikið þegar ég sá að risastóra glerplatan hafði brotnað í að minnsta kosti tíu þúsund mola. Vandamál númer eitt, en vandræðin enduðu sko ekki eftir að glerbrotin höfðu verið hreinsuð. Þegar hafist var handa við að reyna að skrúfa börðið í sundur kom í ljós

Ég hélt að það hefði orðið árekstur miðað við öll lætin en brá frekar mikið þegar ég sá að risastóra glerplatan hafði brotnað í að minnsta kosti tíu þúsund mola.

Það átti víst ekki að vera neitt vandamál.

Daginn eftir upphófust vandræðin. Börðið var nefnilega með glerplötu, og ég segi frá því vegna þess að á sunnudagsmorgni heyrði ég gríðarleg brothljóð fyrir utan íbúðina. Ég hélt að það hefði orðið árekstur miðað við öll lætin en brá frekar mikið þegar ég sá að risastóra glerplatan hafði brotnað í að minnsta kosti tíu þúsund mola. Vandamál númer eitt, en vandræðin enduðu sko ekki eftir að glerbrotin höfðu verið hreinsuð. Þegar hafist var handa við að reyna að skrúfa börðið í sundur kom í ljós

Það átti víst ekki að vera neitt vandamál.

Daginn eftir upphófust vandræðin. Börðið var nefnilega með glerplötu, og ég segi frá því vegna þess að á sunnudagsmorgni heyrði ég gríðarleg brothljóð fyrir utan íbúðina. Ég hélt að það hefði orðið árekstur miðað við öll lætin en brá frekar mikið þegar ég sá að risastóra glerplatan hafði brotnað í að minnsta kosti tíu þúsund mola. Vandamál númer eitt, en vandræðin enduðu sko ekki eftir að glerbrotin höfðu verið hreinsuð. Þegar hafist var handa við að reyna að skrúfa börðið í sundur kom í ljós

Það átti víst ekki að vera neitt vandamál.

Daginn eftir upphófust vandræðin. Börðið var nefnilega með glerplötu, og ég segi frá því vegna þess að á sunnudagsmorgni heyrði ég gríðarleg brothljóð fyrir utan íbúðina. Ég hélt að það hefði orðið árekstur miðað við öll lætin en brá frekar mikið þegar ég sá að risastóra glerplatan hafði brotnað í að minnsta kosti tíu þúsund mola. Vandamál númer eitt, en vandræðin enduðu sko ekki eftir að glerbrotin höfðu verið hreinsuð. Þegar hafist var handa við að reyna að skrúfa börðið í sundur kom í ljós

Það átti víst ekki að vera neitt vandamál.


Daginn eftir upphófust vandræðin. Börðið var nefnilega með glerplötu, og ég segi frá því vegna þess að á sunnudagsmorgni heyrði ég gríðarleg brothljóð fyrir utan íbúðina. Ég hélt að það hefði orðið árekstur miðað við öll lætin en brá frekar mikið þegar ég sá að risastóra glerplatan hafði brotnað í að minnsta kosti tíu þúsund mola. Vandamál númer eitt, en vandræðin enduðu sko ekki eftir að glerbrotin höfðu verið hreinsuð. Þegar hafist var handa við að reyna að skrúfa börðið í sundur kom í ljós

Það átti víst ekki að vera neitt vandamál.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



★★★★★
T.V. KVÍKMYNDRIS
„Dazzlingly well made...“
Variety - 90/100
„Hún var FRÁBÆR!“
New York Magazine - 90/100

**STÆRSTA BÍÓOPNUN ÁRSINS, YFIR 30.000 GESTIR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!**

MYND SEM ÞÚ MÁTT
EKKI MISSA AF!
brúno
★★★★★
ROGER EBERT
★★★★★
BOSTON GLOBE

SAMBÍO ALFABAKKA	SAMBÍO KRINGLUNNI
HARRY POTTER 6 tryggðu þér miða í tíma! kl. 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10-10 - 11-10D	HARRY POTTER kl. 3D - 5D - 8D - 10D - 11-10D
HARRY POTTER 6 kl. 2 - 5 - 8 - 11-10 Órá sæti laus	FIGHTING kl. 5:50 - 8 - 10:20
BRUNO kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 8:30 - 10-10 - 10:30	BRUNO kl. 6D - 8:15D
THE HANGOVER kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	THE HANGOVER kl. 3:50
TRANSFORMERS 2 kl. 2 - 5	AKUREYRI
	HARRY POTTER 6 kl. 7 - 10
	BRUNO kl. 8 - 10

**KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI
OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS**

NÝTT Í BÍÓ!

★★★★★
"Karlur sem hata konur er hrein snilld,
maður getur varla beðið eftir framhaldinu."
S.V. MBL

BYGGÐ Á METSOLUBÓK STIEG LARSSON

KARLAR SEM HATA KONUR

★★★★★
-V.J.V., FBL -P.P., DV -T.V. kvikmyndir.is -D.O.J., kvikmyndir.com

FRÁ LEIKSTJÓRA THE NOTEBOOK
abigail breslin catherine diaz
my sister's keeper

ISÖLD 3
KOSADLUVHAFS BÓKA!

BALLS OUT

B13
ULTIMATUM

THE HURT LOCKER

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919
KARLAR SEM HATA KONUR kl. 5-8-11	KARLAR SEM HATA KONUR kl. 6-7:30-9-10:30
KARLAR SEM HATA KONUR LUX kl. 5-8-11	B13 - ULTIMATUM kl. 8-10:10
BALLS OUT kl. 8-10:10	MY SISTERS KEEPER kl. 5:40-8-10:20
THE HURT LOCKER kl. 8-10:45	ISÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 5:50
ISÖLD 3 3D ISLENSKT TAL kl. 3:30-5:45 D	
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/SL. TEXTA kl. 3:30-5:45	
ISÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 3:30-5:45	
TRANSFORMERS 2 kl. 8-11	

**RECUBOGINN Sími 551 9000 750 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!**

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500	KARLAR SEM HATA KONUR
KARLAR SEM HATA KONUR kl. 6-9	KARLAR SEM HATA KONUR kl. 5:30-7-8:30-10
ISÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 6	BALLS OUT kl. 5:50-8
MY SISTERS KEEPER kl. 8	THE HURT LOCKER kl. 10:10
LESBIAN VAMPIRE KILLERS kl. 10	ICE AGE 3 ENSKT TAL M/SL. TEXTA kl. 5:50-8
	ANGELS & DEMONS kl. 10:10

NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERSTYNG
KL. 10.00

STÆRSTA KVÍKMYNDASERÍA
ALLRA TÍMA ER KOMIN Í BÍÓ!

★★★★★
„Fighting er alvöru
harka og frábærir
leikarar.“
- Boston globe

FIGHTING

SÝNINGARTÍMAR

FIGHTING	kl. 8 og 10-10	14
HARRY POTTER - POWER	kl. 4, 7 og 10	10
MY SISTERS KEEPER	kl. 4, 8 og 10-10	12
ISÖLD 3 - Isleenskt tal	kl. 4 og 6	L



SKIPULEGGJENDUR Ásgerður, Hannes Óli Ágústsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Sigurður Arent Jónsson, Laufey Jónsdóttir og Guðni Valberg sjá um útlit og skipulag artFart í ár.

Stærsta sviðslistahátíðin í ár

Sviðslistahátíðin artFart er stærsta sviðslistahátíð á Íslandi í ár. Á dagskrá eru 23 verk á einum mánuði, frá 1. til 31. ágúst. Þar af eru fjögur verk frá Bretlandi. Flytjendur eru um hundrað og þrjátíu.

„Ég hef verið að velta því fyrir mér,“ segir Ásgerður G. Gunnarsdóttir, einn skipuleggjenda artFart, þegar hún er spurð um hvernig standi á þessum mikla fjölda þátttakenda í ár. „Ein líkleg ástæða er að það er kominn nýútskrifaður árgangur í dansi

við Listaháskólann og tveir úr fræðum og framkvæmd. Annars veit ég það ekki. Það er frábært að fólk sé farið að sýna hátíðinni svona mikinn áhuga og vilja taka þátt. Það er tilgangur hennar að búa til vettvang fyrir fólk sem er að skrifa úr skóla eða er útskrifað og vill koma sér á framfæri.“ Hátíðin er styrkt af Reykjavíkurborg.

Meðal sýnenda í ár eru Vér morðingjar, danshópurinn Hnoð, The Fiasco Division, Brite Theater, Cobra Kai, Bottlefed Ensemble og danshöfundarnir Sigríður Soffía Nielsdóttir og Snædís Lilja Ingadóttir, svo eitthvað sé nefnt. „Við erum ótrúlega stolt af því

að fá sýninguna The Destruction of Experience, Klamm's Dream, sem er leikstýrt af Mitcha Twitchin og Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikur í. Twitchin er mjög framsækinn og þetta er eitthvað sem sést ekki oft á Íslandi í dag,“ segir Ásgerður. Auk leik- og danssýninga eru spunakvöld, málþing með helstu gjörningalistamönnum Íslands og vinnustofa á dagskránni. Hátíðin hefst með opunarteiti 1. ágúst í Leikhús-batteríinu, en þar eru bækiðvar artFart í ár. Hægt er að nálgast dagskrána í heild á artfart.is eða í bæklingi sem kemur út í vikunni. Miðapantanir eru í síma 8970496.

GÆÐASTUNDIR Í VATNASKÓGI

SÆLUDAGAR

Vímulaus fjölskylduhátíð
Um verslunarmannahelgina
31. júlí til 3. ágúst

Fjölbreytt fjölskyldudagskrá á íþróttasvæði og við vatnið

- Tónleikar KarlaKór KFUM, "Hvar er Mjallhvít", Regína Ósk og Sigursveinn Þór
- Fræðslustundir
- Frábærar kvöldvökur
- Björgvin Franz Gíslason og dvergurinn Dofri
- Hæfileikasýning barnanna
- Risabingó
- Vatnafjör og bátar
- Fjölskylduguðþjónusta
- Hoppukastalar
- Góð tjaldstæði

Spennandi unglíngadagskrá

Frábærir tónleikar

Gospelsmiðja fyrir börn og fulloröna

Björgvin Franz og dvergurinn Dofri

Verð fyrir 12 ára og eldri einungis 3.500kr fyrir alla helgina!

KFUM og KFUK Holtavegi 28 Reykjavík Sími 588 8899 www.kfum.is

Kynna nýja smábókahöfundu

Kristín Svava Tómasdóttir nálgast nokkra vel valda einstaklinga til að stofna Smábókaútgáfu Nýhil. Úr urðu fjórar frumsamdar smábækur og þýðing sem líta dagsins ljós í þessari viku. „Það kom allt mjög skemmtilega út. Ingólfur Gíslason er sá eini sem hefur gefið út áður, þannig að þetta er allt mjög nýtt,“ segir Kristín. „Þetta er gert að erlendri fyrirmynd og sniðið hentar vel undir minni konspektverk.“

Ingólfur gefur nú frá sér Það sem mér finnst helst að heiminum, en ljóðabók hans Sekúnda nær dauðanum var tilnefnd til bókmenntaverðlauna DV. Sjálf kvíslast ég, eftir Hildi Lilliendahl og Ég hata alla! da ra ra ra, eftir Bryndísi Björgvinsdóttur



FYRSTA BÓK Bryndís Björgvinsdóttir byrjar ferilinn á smábók hjá Nýhil.

eru fyrstu bækur beggja. Þá gefur uppeldis- og kennslufræðingurinn Dr. Usli út Usla, einhvers konar

sjálfshjálparbók. Hinn góði doktor þýðir einnig femíníska manifestóið Sora, eða Scum eftir Valerie Solanas.

Verða fleiri bækur í þessari röð? „Það er í raun alveg opið. Þetta er að minnsta kosti byrjun. Það er fint að vera kominn með smá ramma og svo er hægt að nýta sér það. Þannig að ef það er áhugi fyrir því þá getur vel verið að það bætist eitthvað í. En svo getur þetta staðið sem heild ef svo ber undir.“

Bækurnar fara í almenna dreifingu í vikunni. „Þær eru að silast úr prentsmiðju og fara þaðan í smá meðhöndlun. Þetta er mjög hrátt, hrá prentun og frágangurinn allur mjög einfaldur.“ Þær verða svo seldar á nýhilhátíðinni 19. til 22. september næstkomandi. - kbs

Sló ljósmyndara

Það kemur oft til handalög-mála milli stjarnanna og ljósmyndaranna sem elta þær á röndum. Leikarinn Jude Law lenti í ljósmyndafyrirsát á dögum eftir að hafa snætt kvöldverð á veitingastaðnum Automat í London. Jude á að hafa slegið einn ljósmyndarann í andlitið á leið sinni út af staðnum.

„Hann sló mig mjög fast og mér var enn illt í andlitinu daginn eftir. Ég veit að hann sló mig visvitandi, maður sá það bara á svipnum á honum. Kannski áttaði hann sig ekki á því að hann var að slá stelpu, en hann gæti

í það minnsta hafa beðið mig afsökunar,“ sagði ljósmyndarinn um atvikið.

Talsmaður leikarans segir höggið hafa verið óvart, leikarinn hafi aðeins verið að reyna að skýla sér fyrir flassinu frá myndavélunum. „Þetta er bull og þvödur. Þetta var alveg óvart, hann var bara að reyna að skýla sér og setti höndina fyrir augun í þeim tilgangi. Í öllum hamanginum sló hann óvart í einhvern sem stóð þarna hjá. Jude baðst afsökunar og fór.“



ÓVART? Jude hefur áður verið kærður fyrir að ráðast á paparazza.

Skírð í höfuðið á Paris

Paris Hilton sagði í nýlegu blaðaviðtali að Paris Jackson, dóttir poppgóðsins Michaels Jackson, væri skírð í höfuðið á sér.

„Mamma mín og Michael voru í sama skóla sem börn og hafa verið bestu vinir frá því þau voru þrettán ára. Þegar ég var að alast upp þá var Michael mikið í kringum okkur fjölskylduna þannig ég þekkti hann vel, hann var nánast eins og frændi minn. Honum þótti nafnið Paris alltaf svo fallett þannig að þegar dóttir hans fæddist spurði hann mömmu mína hvort það væri í lagi ef hann skírði hana Paris og auðvitað sagði hún já.“

Mér finnst hún yndisleg lítil stúlka og ég er stolt af því að við skulum vera nöfnur,“ var haft eftir hótelerfingjanum.

PARIS Hótelerfinginn segir að Michael Jackson hafi skírt dóttur sína í höfuðið á henni.



Fullbókað fram á haust

Það virðist engin kreppa vera í tónlistarlífinu hér á landi því að sögn Þórðar Pálmasonar, eiganda tónleikastaðarins Café Rosenberg, er staðurinn fullbókaður fram á haust. „Það er mikið um útgáfutónleika eða að gamlar hljómsveitir eru að koma saman aftur og spila hér á staðnum og við erum að hluta til búin að bóka næsta ár líka,“ segir Þórður. Hann segir tónleikana byrja snemma og að aldur tónleikagesta fari mikið eftir tónlistinni sem verið er að leika. „Þetta er ekki partístaður. Hingað kemur fólk til að fá sér kaffibolla og hlusta á tónlist. Þetta er kannski ekki ólíkt því að fara í bíó.“ Staðurinn tekur um hundrað og fimmtíu manns í sæti og að sögn Þórðar eru tónleikar flest kvöld vikunnar. - sm

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Mánudagur 27. júlí 2009

Leiklist

20.30 Ferðaleikhúsið Light Nights sýna Visions from the Past í Iðnó.

Tónlist

17.00 Hljómsveitin Amiina endar tónleikaferð sína, við sjávarsíðuna, í Sauðanesvíta. Aðgangur ókeypis.

Myndlist

12.00 Verkið sem Hlynur Hallsson setti upp í Gallerí Viðbttu hefur verið stolið í tvígang en vegna þrjósku listamannsins og sýningarstjóranna hefur það verið sett upp í þriðja skipti og sýningin verið framlengd um mánuð.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

ISLENSK HÖNNUN

HITAVEITA

NÆRFATASETT Í GJAFAÖSKJU

MERINO WOOL

Nærföt fyrir bæði kynin úr léttri 170 g/m² Merino ull. Mjög léttur og þægilegur fatnaður með flötum saumum. Fullkominn nærfatnaður fyrir gönguferðir eða íþróttaiðkun. Ullin heldur einangrun sinni þó hún blotni og lyktar ekki eftir langar gönguferðir.

SPJARABU ÞIG

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.10

So You Think You Can Dance

Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og þær fyrri. Allt byrjar þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þessari miklu þátttöku fylgir óhjákvæmilega að þátttakendur hafa aldrei verið skrautlegri. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða tíu stelpur og tíu strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina

▶ VIÐ MÆLUM MED

Matarklúbburinn

Skjáreinn kl. 20.30

Matarklúbburinn er nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem einn fremsti matreiðslumeistari landsins, Hrefna Rósa Sætran, matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. Hrefna galdrar fram gómsæta rétti sem kítla bragðlaukana og í hverjum þætti verður boðið upp á einn fiskrétt og einn kjötrétt. Mál-tíðin er síðan fullkomnuð með freistandi eftirrétti.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin	15.03 Útvarpssagan: Ljósíð í vatninu
06.40 Veðurfregnr	15.25 Fólk og fráði
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.03 Morgunfrúin - heldur áfram	16.13 Hlaupanótan
07.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
08.11 Morgunstund með Ellen Kristjánsdóttur	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	19.00 Á sumarvegi
09.45 Morgunleikfimi	20.00 Leynifélagið
10.13 Stefnumót	20.30 Kvika
11.03 Samfélagið í nærmynd	21.10 Framtíð lýðræðis
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Kvöldsgagan: Sólon Islandus
12.20 Hádegisfréttir	22.45 Bláar nótur í bland
13.00 Á sumarvegi	23.20 Lostafullu listræninginn
14.03 Jacqueline du Pré	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (240:260)

17.15 Hollyoaks (241:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

17.40 E.R. (22:22) Stöð 2 og Stöð 2 Extra sýna eina allra vinsælustu þáttaröð síðari ára frá upphafi.

18.25 Seinfeld (10:22)

18.45 Hollyoaks (240:260)

19.15 Hollyoaks (241:260)

19.40 E.R. (22:22)

20.25 Seinfeld (10:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 The Loop (8:10)

▶ 22.05 Monk (5:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk er mættur aftur og heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamála.

22.50 Numbers (2:23) Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsóknna.

23.35 Lie to Me (6:13)

00.20 Sjáðu

00.45 The Loop (8:10)

01.10 Fréttir Stöðvar 2

01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.05 Only Fools and Horses 10.35 Absolutely Fabulous 11.05 Only Fools and Horses 11.35 Absolutely Fabulous 12.05 My Hero 12.35 After You've Gone 13.05 Only Fools and Horses 13.35 Absolutely Fabulous 14.05 The Weakest Link 14.50 My Hero 15.20 After You've Gone 15.50 Only Fools and Horses 16.20 Absolutely Fabulous 16.50 EastEnders 17.20 The Weakest Link 18.05 My Hero 18.35 After You've Gone 19.05 Coupling 19.30 Little Britain 20.00 Torchwood 20.50 Any Dream Will Do 22.15 Coupling 22.45 Little Britain 23.15 EastEnders

DR 1

10.55 Et sted som det her 11.40 Højdepunkter fra dagens Børnedeb i Møgeltonder 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.20 Amor på krigsstien 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolldomsæksen 15.30 Alle vi børn i Bulderby 16.00 Supernabo 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Klovedal i Indonesien 18.05 Ægyptens gæder - den skrigende mand 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 SommerVejret 19.40 Horisont Special. Når Sharia dommer 20.35 Bag tremmer 21.25 Eureka 22.10 Seinfeld

NRK1

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svisj gull jukeboks 13.55 Hurra for Andersens! 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Supertrioen 16.25 Vennene på Sollekkra 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Hemmeligheten 17.55 Borettslaget 18.25 Landeplage 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.15 The Street 21.15 Kveldsnytt 21.30 Derrick 22.30 Dei store krigerane 23.20 Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 10.35 Kunskap och vetande 11.45 Änglagård - andra sommaren 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttasset går 15.25 Norsk attraktion 15.55 Anslagstavlan 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Simning 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Himmelblå 18.45 Jag är Ziggy 19.00 Upp till kamp 20.30 Allsång på Skansen 21.30 Being human 22.30 Sändningar från SVT24



ostur.is

Höfðingi

Alíslenskur ostur úr Dölunum sem hefur notið mikilla vinsælda frá því að hann kom á markað. Osturinn er einstaklega bragðmildur og ljúffengur.



Þrjú góðir i sumarfríið



Gullostur

Íslensk útgáfa af hinum sívinsæla Castello-osti. Gómsætur einn og sér en hentar einnig vel til matargerðar.

Camembert

Á rætur sínar að rekja til Normandí í Frakklandi og er ein af vinsælustu ostategundum í heimi.

Hentar vel á ostabakkann, í matargerð og er meira að segja góður bakaður.



HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Nana hefur alltaf haft góða rödd og mjög næmt tóneyra og var til dæmis mjög ung farin að hjala eftir spíladósinni sem hún átti. Ég er mjög stolt af henni og finnst hún yndislegust.“

Lára Arnadóttir, móðir Nönu Alfredsdóttur söngkonu.

Safna efni til listsköpunar úr ruslagámum

„Fólk hlær stundum að okkur þegar við fáum að fara í ruslagáminn hjá þeim. Annars erum við búin að fá mjög jákvæð viðbrögð. Það eru allir til í að rétta okkur hjálparhönd sem er mjög dýrmætt,“ segir Ragnheiður Harpa Leifsdóttir leiklistarnemi. Þau Sigurður Atli Sigurðsson myndlistarnemi og Jóhann Leó Jóhannsson hönnunarnemi opna skapandi endurnýtingarstöð í Nemendagalleríinu, Kaffistofnunni, 8. ágúst kl 20.00. Þar getur fólk sótt sér frían efni við listsköpunar sem þrenningarnir hafa safnað úr afgangum við iðnaðarframleiðslu. Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóði og Ungu fólk í Evrópu.

„Þegar við erum að safna saman

efninu þá sprettur fram svo mikið af hugmyndum, bara strax. Þetta eru svo flottir hlutir sem við erum að fá,“ segir Sigurður. Ragnheiður bætir við: „Það er ekkert mjög gaman að fara ofan í einhvern ruslagám en um leið og ruslið er komið á annan stað þá verður það eitthvað allt annað og þá fer hugurinn í gang. Hugmyndin er að kveikja í fólk og virkja það í skapandi hugsun, vekja ímyndunaraflið.“

Stöðin, sem verður opin frá 8. til 22. ágúst, er gerð að evrópskri fyrirmynd. „Þetta er komið frá bæ á Ítalíu sem heitir Reggio Emilia. Þar er þetta tengt leikskólum,“ segir Sigurður. Þau segja Cobra-hópin aðra fyrirmynd að þessu. - kbs



SKÖPUNARGLEÐI
BARNINS Sigurður og Ragnheiður opna skapandi endurnýtingarstöð.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. sigti, 6. þófi, 8. kvikmyndahús, 9. er, 11. berist til, 12. safna saman, 14. súla, 16. innan, 17. sægur, 18. af, 20. komast, 21. þungi.

LÓÐRÉTT
1. hland, 3. í röð, 4. land, 5. sam-tíningur, 7. limlesta, 10. gilding, 13. hjör, 15. litlaus, 16. upphrópun, 19. tímabil.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. píss, 3. á, 4. líbánon, 5. gær, 6. úff, 7. í, 8. á, 9. sem, 11. í, 12. smala, 14. stöng, 16. út, 17. mor, 18. frá, 20. ná, 21. farg.

VEISTU SVARID?
1. Frnek Rozwadowski.
2. Hafþór Ægír Vilhjálmsson.
3. Conrad Murray.

ÞORSTEINN JOÐ: GERIR HEIMILDARMYND UM ICELANDIC FOOD CENTRE

Útrásin hófst fyrir löngu

„Ég hef ekki tölu á hversu margar myndir eru í vinnslu um kreppuna. En ég segi: Því fleiri myndir sem gerðar eru um kreppuna – þeim mun betra. Þetta er flóknara fyrirbæri en virðist. Og þá komumst við hugsanlega nær kjarna málsins – hver við erum, hvert við erum (vorum) að fara?“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson, sjónvarps- og kvikmyndagerðarmaður. Sjónvarpsþáttur hans, Káta maskínan, verður ekki á dagskrá Skjásaens eins og var síðasta vetur en Þorsteinn hefur á undanförunum árum snúið sér æ meira að gerð heimildarmynda og er með einar þrjár í smíðum um þessar mundir.

Ein þeirra fjallar um hið afar athyglisverða fyrirbæri Icelandic Food Centre (IFC) og ráðgerir Þorsteinn að hún verði tilbúin um mánaðamót apríl/maí 2010. Þorsteinn hefur fengið styrk frá Kvikmyndamiðstöðinni vegna þessa verkefnis. IFC segir sína sögu af tilurð útrásarinnar og þar með upphafi endalokanna. Hybris Íslendinginsins. „Íslenska ríkið, ásamt fleirum, stóð að því að opna veitingahús í London 1965. Ég er að vinna þessa mynd ásamt Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðingi sem fann gögn um IFC í skjalasafni fjármálaráðuneytisins. Myndin fjallar um stórhug, hvernig okkur tekst að framkvæma svona hugmyndir í löndum og á mörkuðum sem við þekkjum lítið sem ekkert. Er stórmerkileg tenging við útrásina og hittir beint í mark í tengslum



STÓRHUGUR EÐA OFLÆTI? Íslenski ríkisrestaurantinn var á 5th Lower Regent Street í hjarta London – og var opnaður formlega í janúar 1966 og lokað í júlí 1967.

við umræðu um sjálfmynd okkar,“ segir Þorsteinn. Framkvæmdastjóri IFC var ráðinn Halldór Gröndal veitingamaður, kenndur við Naustið, síðar séra Halldór. Þetta verkefni fór ekki vel og var staðnum fundinn miður heppilegur staður í heimsborginni. Önnur

ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSOSSON
Því fleiri heimildarmyndir um kreppuna – þeim mun betra.

heimildarmynd sem er langt komin í klippingu er mynd sem Þorsteinn vinnur að í samstarfi við Veru Sölvadóttur leikstjóra og stefnt er að því að sýna á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í september. Hún heitir Búrkína Fasó 8.600 kílómetrar og fjallar um hjón úr Fljótshlíðinni, þau Hinrik og Gullý, og félagi þeirra sem heitir Paulo. Þau fjárfesta í notuðum Toyotajappum, keyra þá frá Rotterdam til Búrkína Fasó í þeim tilgangi að selja annan þeirra til að halda gangandi skóla þar. „Hvað er kreppa? Þarna er verið að bera saman mismunandi afstöðu til kreppu. Hvernig hún er skilgreind í Búrkína Fasó, sem er þriðja fátækasta land í heimi, og svo á Íslandi,“ segir Þorsteinn.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLK

Einn helsti síðapostuli netsins, Lára Hanna Einarsdóttir, þýðandi og leiðsögumaður, birti nýverið á viðlesnu bloggi sínu fræga klíppu af því þegar Arnar Gauti tók hús á Ásgeiri Kolbeins fjölmiðlamanni í þættinum Innlit/útlit. Fréttablaðið fjallaði nokkuð um þennan tiltekna þátt á sínum tíma en Ásgeir keypti íbúð, skóflaði öllu út – enda gömlu innréttingarnar að hans mati ógeðslegar – og keypti allt nýtt. Lára segir þetta dæmigert 2007, er gapandi yfir talsmánum og viðhorfinu hjá þeim félögum og talar um að þetta hljóti að jaðra við geðveiki. Athugasemdirnar létu ekki á sér standa og flestar á einn veg: Þarna færur veruleikafirtir góðærisþungar.

Fjöldi íslenskra kvikmynda er nú að verða tilbúinn til sýninga. Friðrik Þór Friðriksson með sína mynd, Dagur Kári, Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp og fleiri má nefna. Þetta ætti að vera fagnaðarefni nema að menn sjá nú fram á offramboð á íslenskum kvikmyndum í haust. Og þegar litið er til þess að aðeins ein af hverjum fjórum myndum nær að brjótast í gegnum múrinn og fá tugi biógesta í salinn er spurtt; hver mun ríða á vaðið með frumsýningu?

Upplýsingafulltrúinn og laganeminn Ómar R. Valdimarsson var steggjaður um helgina. Hann lýsir degi sínum svona á Facebook-síðu sinni: „var tekinn illa af DV og Gauki Úlfarssyni, fór í lasertag, pottinn, gufu, svindlaði á afgreiðslufólki, flaug næstum fram af Gullinbrú, fór ber að ofan og í rasslausum leður-skálmum í myndatöku hjá Spessa, „tantra“-nudd, út að borða á La Prima Vera og svo á B5 – í hlýraból! Niðurlægingin er algjör – takk vinir mírir!“

- jbg, hdm



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Tilvalið í ferðalagið

Án viðbætts sykurs! Án viðbætts salts!

Kjarngóð næring í þægilegum umbúðum barnamatur.is

Herdís gerir heimildarmynd

Herdís Þorvaldsdóttir, leikkona og fyrrverandi formaður Lifs og lands, undirbýr nú heimildarmynd. „Það er um rányrkjuna á landinu, miðaldabúskapinn okkar og hvernig hann eyðir landinu. En þetta er bara á byrjunarreit. Ég ætla að vinna að þessu í allan vetur og svo verða myndirnar teknar í vor eða næsta sumar,“ segir Herdís.

Hún hefur lengi barist gegn landeyðingu. „Ég er búin að vera að skrifa greinar og vera í þessari baráttu í meira en tuttugu ár. Ég er náttúrulega búin að leita mér óskaplega mikið að upplýsingum og öðru. En ég er líka í sambandi við bæði náttúrufræðinga og hina og þessa til að fá upplýsingar. Þetta tekur allt mjög langan tíma.“ Hún segir tíma til kominn að koma þessu á framfæri við almenning. „Þetta þarf ekki að vera svona, það er alveg óþarfi. Við getum alveg stundað herna ræktunarbúskap eins og önnur siðmenntuð lönd. Við þurfum ekki að vera með lausagöngu á þessum viðkvæma gróðri okkar.“

Umfjöllunin verður þó ekki einhliða. „Við fáum að heyrna í hagsmunaaðilum. Það verður talað við þá líka. Ég er alveg viss um að það eru margir bændur sem vildu gjarnan breyta þessu, því að þetta er náttúrulega landniðsla. Rányrkja er landniðsla, svo að það væri miklu skemmtilegra fyrir bændur að búa á landinu án þess að það bæri skaða af.“

- kbs




BERST GEGN LANDEYÐINGU Herdís undirbýr heimildarmynd.

Ertu klár fyrir Verslunarmannahelgina?



MÉR FINNST RIGNINGIN GÓÐ



20%

afsláttur
af öllum
regnfatnaði
fyrir Verslunar-
mannahelgina



Hattar
frá 1.000 kr.

+



Regnstakkar
frá 1.910 kr.

+



Regnbuxur
frá 4.632 kr.

GLYMUR

..... svefnpoki

Fullt verð:
9.800 kr.

Verð nú:
7.840 kr.



Hlýr og notalegur



SJÓPOKI

..... 66° Nordur

Fullt verð:
9.800 kr.

Verð nú:
7.840 kr.



100% vatnsheldur



KLEAN CANTEEN

◇◇◇◇◇◇◇◇ 27oz vatnsflaska ◇◇◇◇◇◇◇◇

Fullt verð:
3.200 kr.

Verð nú:
2.560 kr.



Fyrir mjög þyrsta



✧ Þessar vörur verða seldar á Útsölumarkaði í Faxafeni 12, í Kringlunni, Miðhrauni 11 og Glerárgötu 32 á Akureyri. ✧

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

74%

34%

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Sláttumaðurinn slyngi

Eftir margra daga dásamlega Reykvíska sólarblíðu með unaðslegum lautartúrum, sundferðum og strandlífi hvarflaði loks að mér að gera eitthvað gagnlegt. Til dæmis að sinna vanræktri garðholunni aggalítið. Planta og reyta en einkum þó að kaupa nýja sláttuvél. Eins og mér finnst oft gaman að stússast, atast og græja hitt og þetta innifelur vinnugleðin ekkert sem viðkemur vélum af neinu tagi. Maskínur eiga bara að hafa þrjár stillingar: Kveikja – nota – slökkva. Af furðulegum ástæðum var sláttuvélin hins vegar afgreidd í bútum í kassa og til skemmtunar fylgdi hnausþykkur leiðbeininga-bæklingur á fjórtán tungumálum. Skoðun hans kallaði á fullkomna einbeitingu við eldhúsborðið.

EKKI fyrr hafði það hvarflað að mér hversu flókið og hættulegt getur verið að slá blettinn, eftir lesturinn bogað svitinn af enninu af ótta við allt það sem úrskæiðis getur farið. Sakleysisleg garðsláttuvél er þegar grannt er skoðað sannkölluð vítisvél. Mikilvægt er að vera í öryggisskóm og fullklæddur frá toppi til táar, annars heggur hún af bæði tær og fingur. Bensín og smurólú skal meðhöndla af sömu varúð og virka kjarnaodda, ellegar springur allt í loft upp. Alls ekki má gangsetja mótörinn í viðurvist barna eður dýra annars eru dagar þeirra taldir.

EFTIR heilt kvöld með leiðbeiningunum fór annað í að púsla kvikindinu úr kassanum saman. Á þriðja degi las ég Spámanninn til að öðlast æðruleysi og hugarró áður en ég fór til að kaupa smurólú af engu öðru en hárréttum styrkleika. Sama kvöld taldi ég hlutverki mínu lokið og þvingaði bóndann heim úr vinnunni til að klára málið, því eitthvað hlaut jú fjandakornið að vera karlmannsverk. Þegar blessuð sláttuvélin byrjaði að mala hríslaðist um mig gleðstraumur og ég trítlaði inn til að leggjast á leti. Tilhugsunin um bók og súkkulaði hafði þó varla kviknað þegar sláttumaðurinn slyngi geystist æpandi framúr mér og dró á eftir sér bólginn handlegg. Af aðdáunarverðri nákvæmni hafði honum tekist að stíma beint á samyrkjubú holugeitunga sem verða þá sjálfkrafa mjög fúllir. Við eiturstungu er gott að leggja sykurmola en hvernig skal innheimta splunkunýja sláttuvél sem fokreiðir geitungar hafa tekið í gíslingu? Á það var ekki minnst í bæklingnum.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 27. júlí 2009, 208. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.19	13.34	22.47
Akureyri	3.43	13.19	22.51

Heimild: Almanak Háskólans

» Flugsæti til Evrópu

Verð frá: 12.900 kr.*

Taktu þér frí frá þrasinu!

ÞAÐ ER
NÓG EFTIR AF
SUMRINU

SPARAÐU
með því að skipuleggja
ferðina á netinu!



Skelltu þér til Evrópu og fáðu smá hvíld frá endalausum tali um kúlulán, skilaneindir, Icesave, jöklabréf, lánalínur, AGS, FME og hvað þetta heitir nú allt. Þú hefur gott af því að komast aðeins út og hlaða batterín.

Þú bókar á www.icelandexpress.is

Iceland Express 
með ánægju

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.